

6. Stjórnarfundur

FORMA 2011 – 2012

Dags: 21. september 2011, kl. 17

Staður: Gamli skóli, meistarastofa.

Mætt: Drífa Þorgrímsdóttir, Helgi Þ. Svavarson, Herdís Zóphóníasdóttir, Ívar Ragnarsson, Ómar Pétursson og Steinunn Hreiðarsdóttir

1. Fundarsetning

Ívar Ragnarsson setti fundinn og stjórnaði honum.

2. Fundargerð síðasta fundar

Síðustu fundargerðir verða birtar von bráðar á heimasíðu MA.

3. Skálaferðir

Rætt um jákvæð viðbrögð skólayfirvalda MA við erindi FORMA til skólameistara, dags. 10. mars 2011 en þar var farið fram á að skólayfirvöld tækju að nýju upp skálaferðir nemenda í 1. bekk. Í samvinnu við foreldra eftir því sem þurfa þykir hverju sinni. Fyrirkomulagið var rætt, þ.e. að umsjónarkennarar skipuleggi ferðina með bekknum en að foreldrar færu með nemendum í skálaferðirnar, nema um annað sé samið við umsjónarkennara. Ennfremur að skipuð yrði nefnd í hverjum bekk sem skiptir með sér verkum. Í henni væri m.a. gjaldkeri sem sæi um að innheimta gjald fyrir rútuferðina, leigu á skálanum og mat. Helgi ætlar að kanna hvað gjaldið yrði.

Ákveðið að semja bréf til foreldra/forráðamanna 1. bekkinga þar sem skýrt yrði frá fyrirkomulagi á skálaferðunum og þeirri almennu skoðun að skálaferðir 1. bekkinga hafi góð félagsleg áhrif á nemendur. Samvinna milli foreldra og kennara sé því mikilvæg til þess að allir nemendur eigi kost á því að fara í slíkar ferðir. Steinunn Hreiðarsdóttir tók að sér að semja bréfið.

Kynningafundur nýnema verður síðan 8. okt. 2011 og stefnt að því að allir foreldrar/forráðamenn nemenda í 1. bekk verði búnir að fá bréfið fyrir þann dag.

Rætt um hvernig hægt sé að auka líkurnar á því að allir bekkir komist í skálaferðirnar þar sem reynsla síðasta veturs sýndi að ekki tókst að fá foreldra í öllum bekkjum til þess að fara með í þessar ferðir. Í framhaldi á því var Herdís Zóphóníasdóttir beðin um að kanna hvort vilji sé meðal kennara til þess að fara í skálaferðir ef foreldrar kosta laun þeirra og skapa þannig meiri festu varðandi skálaferðirnar.

4. Handbók foreldraráða framhaldsskólanna

Herdís Zóphóníasdóttir ætlar að koma til stjórnarmeðlima FORMA handbók foreldraráða framhaldsskólanna frá Heimili og skóla. Hún á að nýtast foreldraráðum, skólaráðum, foreldrafélögum og skólastjórnendum við að skipuleggja og efla samstarf heimilis og skóla.

5. Næsti fundur

Í framhaldi að kynningarfundum fyrir foreldra/forráðamenn nýnema 8. Október 2011, um kl. 14:30 í Kvosinni.

Fundi slitið 18:05

Drífa Þorgrímsdóttir
fundarritari.